



Svör Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði 10. júní 2021 um starfsmannamál hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og viðbrögð vegna COVID-19 - R21030227.

1. *Hvað eru mörg mál er snerta starfsmenn frá árinu 2010 sundurgreint eftir árum, sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur verið aðili að sem endað hefur með dómi eða sátt?*

Alls hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) verið aðili að þremur málum sem snerta starfsmenn SHS frá árinu 2010 og endað hafa með dómi eða sátt.

Ár	Fjöldi mála	Lok
2010	0	
2011	0	
2012	0	
2013	0	
2014	0	
2015	0	
2016	0	
2017	0	
2018	1	dómur
2019	1	sátt
2020	0	
2021	1	sátt
alls	3	

2. *Hvað hefur lögfræðikostnaður Slökkviliðsins verið vegna þessara mála, sundurgreint eftir árum?*

Lögfræðikostnaður SHS var alls 14.502.150 kr. vegna þessara mála.

Ár	Upphæð kr.
2010	0
2011	0
2012	0
2013	0
2014	0
2015	0
2016	0
2017	911.250
2018	3.742.650
2019	4.495.500
2020	3.908.250
2021	1.444.500
alls	14.502.150



3. Hvað hefur Slökkviliðið greitt í starfslokasamninga, sáttagreiðslur, dómsáttir og lögfræðikostnað beggja aðila, sundurliðað eftir árum?

Alls voru greiddar 5.419.917 kr. vegna tveggja dómsátta á tímabilinu. Um frekari sundurliðun á fjárhæðum er ekki að ræða þar sem trúnaður ríkir um efni þeirra.

Sjá 2 varðandi lögfræðikostnað SHS.

Þessu til viðbótar hefur SHS samið sérstaklega um starfslok við tvo starfsmenn frá árinu 2010 að ráðleggingu lögmannna, enda talið þjóna hagsmunum SHS og viðkomandi starfsmanna. Greiðslur vegna þeirra samninga eru alls 7.355.305 kr., lögfræðikostnaður vegna þeirra er 918.361 kr.

Ár	starfslok fj.	starfslok kr.	lögfr.kostn.
2010	0	0	0
2011	0	0	0
2012	0	0	0
2013	2	7.355.305	918.361
2014	0	0	0
2015	0	0	0
2016	0	0	0
2017	0	0	0
2018	0	0	0
2019	0	0	0
2020	0	0	0
2021	0	0	0
alls	2	7.355.305	918.361

4. Hefur Slökkviliðið greitt framlínustyrki til starfsmanna sinna eins og heilbrigðisstarfsfólk og annað framlínufólk hefur fengið greitt frá ríkinu?

SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu í verktöku fyrir ríkið samkvæmt samningi þar um við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Í samningi SHS og SÍ um sjúkraflutninga frá 2015 er eftirfarandi bókun:

Ef upp koma alvarlegar/sérstakar aðstæður sem samkvæmt eðli málsins falla ekki undir kröfulýsingu skv. gr. 5.1 og leiða til verulegra útgjalda verksala skulu aðilar semja um þann viðbótarkostnað sem verksali óhjákvæmilega verður fyrir. Hér er átt við sem dæmi óvenju alvarlegan faraldur vegna smitsjúkdóma, s.s. ebólu, alvarlegt almannavarnaástand eða aðrar sambærilegar aðstæður (force majeure).

Í ljósi þessarar bókunar lítur stjórn SHS svo á að þar sem sjúkraflutningafólk sé vissulega heilbrigðisstarfsfólk í framlínu gagnvart COVID-19 sé eðlilegt að ríkið greiði því sambærilega framlínustyrki og það hefur greitt öðrum. SÍ hefur nú þegar greitt nokkurn áfallinn kostnað vegna þessa ákvæðis og því sýnt að engar höldur eru á um það af hálfu ríkisins að það beri kostnaðarlega ábyrgð vegna COVID-19 gagnvart framlínustarfseminni hjá SHS.

Að beiðni formanns stjórnar SHS óskaði slökkviliðsstjóri þann 27. apríl 2020 formlega eftir því við SÍ að álagsgreiðslur, sem heilbrigðisráðherra ákvað að yrðu greiddar til starfsfólks sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana sem starfa undir miklu álagi vegna COVID-19, myndu einnig ná til þess starfsfólks SHS sem sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það hefur verið undir umtalsverðu álagi vegna heimsfaraldursins eins og annað heilbrigðisstarfsfólk í framlínunni vegna sjúkdómsins. Heilbrigðisráðherra fékk afrit af erindinu.



Þar sem þessu erindi var ekki svarað hefur það verið ítrekað og hafa SÍ á grundvelli þess sent fyrirspurn til heilbrigðisráðuneytisins um ákvörðun þess um álagsgreiðslur til framlínustarfsfólks, en sjúkraflutningafólk var undanskilið þegar álagsgreiðslum var útteilt sl. sumar. Vonandi hreyfir ítrekunin við þessu mikilvæga máli svo framlínufólk SHS njóti þeirrar viðurkenningar sem annað heilbrigðisstarfsfólk hefur hlotið með þessum sanngjörnu og verðskulduðu greiðslum.

5. *Ef ekki hvers vegna?*

Sjá 4.

6. *Hefur einhver tillaga þess efnis borist til stjórnar Slökkviliðsins?*

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) 2020 lagði bæjarfulltrúi Mosfellsbæjar til að skoðað yrði hvort og þá með hvaða hætti starfsfólki SHS mætti umbuna vegna sérstakrar aðkomu þeirra og framlínustarfa í baráttunni við COVID-19. Stjórn SSH tók tillögu bæjarfulltrúans fyrir á fundi í desember 2020 og vísaði til stjórnar SHS.

Bæjarfulltrúinn sendi stjórn SHS jafnframt erindið fyrr á þessu ári og fjallað var um það í samhengi við erindi SHS til SÍ, sjá 4.

7. *Hvaða veikindarétt hafa starfsmenn slökkviliðsins komi upp COVID smit?*

Um veikindarétt starfsmanna SHS fer skv. viðkomandi kjarasamningum. Slökkviliðs- og sjúkraflutningafólk í varðliði sem hefur verið í framlínu gagnvart COVID-19 fylgir kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Því til viðbótar má nefna að starfsfólki í varðliði, sem er ekki fært til lengri tíma að sinna sjúkraflutningum eða slökkvistörfum vegna veikinda eða slysa, gefið tækifæri til þess að fara í dagvinnu.

8. *Skilgreinir stjórn slökkviliðsins COVID sem atvinnusjúkdóm?*

Það er ekki hlutverk stjórnar slökkviliðsins að skilgreina hvað telst vera atvinnusjúkdómur.